

## AUGLÝSING

### um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér birt yfirlit yfir götur og svæði þar sem 30 km hámarkshraði gildir í Kópavogi í samræmi við áður samþykktar tillögur bæjarráðs Kópavogs og ákvarðanir lögreglustjórans í Kópavogi.

Í eftirfarandi hverfum og götum gildir 30 km/klst. hámarkshraði:

*A. Á svæði vestan Hafnarfjarðarvegjar.*

1. Í hverfi sem afmarkast af Urðarbraut, Borgarholtsbraut, Hafnarfjarðarvegi og Kópavogsbraut. Umferðarmerki B28.30 verði sett á Skjólbraut og Meðalbraut við Kópavogsbraut.
2. Á Urðarbraut milli Borgarholtsbrautar og Kópavogsbrautar.
3. Í Holtagerði milli nr. 12 og 52.
4. Í íbúðarhverfum norðan Kársnesbrautar á eftirfarandi götum: Huldubraut, Marbakka-  
braut, Sæbólsbraut og Helgubraut.

*B. Á svæði austan Hafnarfjarðarvegjar og norðan Kópavogslækjar.*

1. Í öllum íbúðarhverfum norðan Nýbýlavegjar. Umferðarmerki verði sett ásamt hliði á Birkigrund, Furugrund og Ástún við Nýbýlaveg.
2. Í hverfi milli Digranesvegjar og Álfhólsvegjar austur að Meltröð á eftirtöldum götum: Álfhólsvegi milli Vallartraðar og Meltraðar, Digranesvegi milli Vallartraðar og Meltraðar, Fannborg, Hrímborg, Neðstuttröð, Vallartröð, Skólatröð, Hávegi, Álfatröð, Meltröð og Hamraborg austan Skeljabrekku.
3. Í hverfi næst Digranesskóla og Hjallaskóla. Umferðarmerki B28.30 ásamt hliði verði sett á Heiðarhjalla við Hlíðarhjalla, Digranesheiði við Digranesveg, Álfhólsveg við Túnbrekku, Þverbrekku við Nýbýlaveg, Álfabrekku við Nýbýlaveg, Valahjalla við Nýbýlaveg, Álfaheiði við Hlíðarhjalla og Skálaheiði við Hlíðarhjalla. Nánar tiltekið verði 30 km/klst. hámarkshraði á eftirtöldum götum: Heiðarhjalla Digranesheiði, Gnitaheiði, Gnýpuheiði, Lyngheiði, Tunguheiði, Melaheiði, Skálaheiði, Álfhólsvegi austan Túnbrekku, Þverbrekku, Álfabrekku, Hlaðbrekku, Fögrubrekku, Álfaheiði, Engihjalla, Valahjalla, Efstahjalla, Stórahjalla, Grænahjalla, Rauðahjalla, Litlahjalla, Fífuhjalla, Furu-  
hjalla og Fagrahjalla.
4. Í Bræðratungu, Grænutungu og Hrauntungu. Umferðarmerki B28.30 verði beggja vegna götu á Grænutungu við Hlíðarveg og Digranesveg og á Hrauntungu við Vogatungu.
5. Í Lundarbrekku og Löngubrekku.
6. Á Skemmuvegi, svört gata.

*C. Á svæði sunnan Kópavogslækjar.*

1. Í Kópavogsdal, hverfi sem afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Kópavogslæk, Digranesvegi, Dalvegi og Fífuhvammsvegi. Umferðarmerki B28.30 verði sett á Dalsmára við Fífuhvammsveg og á Dalsmára við Dalveg.
2. Í Nónhæð, þ.e. hverfi sem afmarkast af Fífuhvammsvegi, Smárahvammsvegi og Arnarnesvegi. Umferðarmerki B28.30 ásamt hliði verði sett á Arnarsmára við Fífuhvammsveg, Gullsmára við Smárahvammsveg og Dalsmára annars vegar við Fífuhvammsveg og hins vegar við Smárahvammsveg.
3. Í Galtalind, aðalgata ásamt þvergötum. Umferðarmerki B28.30 verði sett á Galtalind við Hlíðardalsveg.

4. Í Lindum I, þ.e. hverfi sem afmarkast af Lindarvegi að vestan og Fífuhvammsvegi að austan. Umferðarmerki B28.30 ásamt hliði verði sett á Fitjalind annars vegar við Lindarveg og hins vegar við Fífuhvammsveg.
5. Á eftirtöldum götum í Lindahverfi: Núpalind, Múlalind, Melalind, Mánalind, Ljósalind, Laxalind, Laugalind, Kópalind, Krossalind, Köldulind, Jörfalind, Jöklalind, Ísalind, Iðalind og Geislalind.
6. Öllum götum í Salahverfi nema Salvegi og Hvammsvegi. Nánar tiltekið er um eftirfarandi götur að ræða: Ársali, Björtusali, Blásali, Dynsali, Fensali, Forsali, Glósali, Goðasali, Hásali, Hlynsali, Jórsali, Jötunsali, Kórsali, Logasali, Lómasali, Miðsali, Rjúpnasali, Roðasali, Skjólalsali, Sólarsali, Straumsali og Suðursali.

Að því marki sem ákvarðanir hér að framan hafi ekki áður verið birtar öðlast þær gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 27. desember 2002.*

**Þorleifur Pálsson.**